

Byggðastofnun

Árshlutauppgjör janúar - júní 2017

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda.....	1
Skýrsla stjórnar og stjórnenda.....	2
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8

Könnunaráritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn stofnunarinnar og forstjóri eru fyrst og fremst ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnun okkar.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda einingarinnar á árshlutareikningi hennar. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit okkar á reikningsskilunum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu 1. janúar 2017 til 30. júní 2017, efnahag hennar þann 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur.

Reykjavík, 22. ágúst 2017

Endurskoðendapjónustan ehf.

Sævar Þór Sigurgeirsson
Löggiltur endurskoðandi

Hinrik Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og stjórnenda

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Rekstur tímabilið janúar - júní 2017

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri stofnunarinnar 20,1 milljón króna á tímabilinu. Eigið fé í lok júní samkvæmt efnahagsreikningi var 2.888 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,06%.

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 23,06%. Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eiginfjáruka fyrir stofnunarina. Samanlögð krafa um eiginfjáruka er í dag 2,75% en hækkar í 3,0% frá 1. nóvember 2017 og hækkar svo í 3,75% frá 1. janúar 2018.

Á ársfundi stofnunarinnar 25. apríl sl. skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2018. Í stjórnina voru skipuð Illugi Gunnarsson stjórnarformaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Róbert Guðfinnsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl Björnsson, Einar E. Einarsson og Ingunn Guðmundsdóttir. Þann 3. júní 2017 sagði Róbert Guðfinnsson sig úr stjórn og í hans stað kom varamaður hans Sigríður Guðrún Hauksdóttir.

Birnir ehf. stefndi Bygðastofnun til greiðslu á 81 mkr. með dráttarvöxtum vegna kaupa á aflahlutdeild í úthafsækju árið 2010. Dómur féll í málinu í Héraðsdómi Norðurlands vestra í lok maí sl. og var Bygðastofnun sýknuð af kröfum stefnanda. Stefnandi hefur 3 mánuði til að ákveða hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Bygðastofnun telur að Hæstiréttur muni staðfesta dóm Héraðsdóms.

Á árinu 2015 ákvað stjórn Bygðastofnunar að óska eftir heimild til byggingar nýs skrifstofuhúsnæðis fyrir stofnunina á Sauðárkróki. Heimild fékkst til þess árið 2016 og hefur Framkvæmdasýsla ríkisins umsjón með framkvæmdinni. Hönnunarútbóð var auglýst í desember 2016 og bárust 8 tilboð. Skrifað var undir samning um hönnun í mars 2017 við Úti og Inni sf. / VSB verkfræðistofnu og er stefnt á að útbóð á byggingu húsnæðisins verði á haustmánuðum 2017.

Hjá stofnuninni störfuðu 26 starfsmenn í lok júní í 25,5 stöðugildum.

Áhættustýring

Á árinu 2015 var staðfest áhættustefna af stjórn Bygðastofnunar. Var hún endurskoðuð af stjórn á árinu 2016. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstöðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Bygðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa allir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Skýrsla stjórnar og stjórnenda

Í byrjun janúar samþykkti stjórn Byggðastofnunar reglur um umsjónarmann áhættustýringar í samræmi við 17. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Með bréfi dags. 26. apríl sl. staðfesti FME undanþágu frá sérstöku stöðugildi yfirmanns áhættustýringar.

Góðir stjórnarhættir

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn sem er hluti af „Handbók fyrir starfsmenn og stjórn“. Handbókin var fyrst samþykkt árið 2002 og má nálgast hana á heimasíðu Byggðastofnunar, byggðastofnun.is. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa. Þá eru til staðar áhættunefnd og öryggisnefnd hjá stofnuninni sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignausýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Reglunum var síðast breytt í apríl 2017. Þá var umhverfis- og samfélagsstefna samþykkt á árinu 2016. Fjármálaeftirlitið metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Atburðir eftir lok tímabils

Engir atburðir hafa gerst eftir lok tímabilsins sem hafa áhrif á rekstur stofnunarinnar.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja í landsbyggðunum. Umsóknum um ný lán hefur fjölgað og er útlit fyrir áframhaldandi aukningu á lánveitingum á árinu. Stefnt er að nýjum lánaflokki til stuðnings nýsköpunarfyrirtækjum í landsbyggðunum á árinu.

Yfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutauppgjörið gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2017, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé í lok júní 2017.

Skýrsla stjórnar og stjórnenda

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2017 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 22. ágúst 2017

Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður

Einar E. Einarsson

Ingunn Guðmundsdóttir

Karl Björnsson

Rakel Óskarsdóttir

Sigríður Guðrún Hauksdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri

Magnús Helgason
forstöðumaður rekstrarsviðs

Rekstrarreikningur janúar - júní 2017

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2017	2016
	Skýr.	janúar-júní	janúar-júní
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....		43.503	25.994
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		397.423	399.332
		<u>440.926</u>	<u>425.326</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		226.589	208.033
Önnur vaxtagjöld.....		214	118
		<u>226.803</u>	<u>208.151</u>
	Hreinar vaxtatekjur	<u>214.123</u>	<u>217.175</u>
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	182.300	172.450
Gengismunur.....	7	(23.903)	(5.978)
Aðrar rekstrartekjur.....	8	79.302	47.266
		<u>237.699</u>	<u>213.738</u>
	Hreinar rekstrartekjur	<u>451.822</u>	<u>430.912</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		98.241	94.160
Veittir aðrir styrkir.....		49.886	34.970
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	158.665	152.348
Annar rekstrarkostnaður.....		70.708	72.171
Rekstur fullnustueigna.....	12	8.500	8.076
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	16	3.652	3.973
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,14	82.239	20.130
		<u>471.892</u>	<u>385.829</u>
	Hagnaður (tap) tímabilsins	<u>(20.070)</u>	<u>45.084</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2017

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.6.2017	31.12.2016
	Skýr.		
Eignir			
Bankainnstæður.....	9	1.709.560	2.757.542
Útlán í íslenskum krónum.....	10	7.624.721	7.045.297
Útlán í erlendum myntum.....	10	2.384.102	2.634.278
Fullnustueignir.....	11,13	385.010	445.552
Veltuhlutabréf.....	15	639.065	683.414
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum.....	15	540.458	499.258
Skuldunautar.....		6.470	18.689
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	16	62.168	56.194
	Eignir samtals	13.351.555	14.140.223
Skuldir			
Verðtryggðar verðbréfaútgáfur.....	18	6.800.127	6.918.788
Erlendar lántökur.....	18	3.503.331	4.084.953
Óráðstöfuð framlög.....		92.607	141.783
Aðrar skuldir.....		67.896	87.037
	Skuldir samtals	10.463.962	11.232.561
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,19	2.887.593	2.907.663
	Skuldir og eigið fé samtals	13.351.555	14.140.223

Sjóðstreymi janúar - júní 2017

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2017 janúar-júní	2016 janúar-júní
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	(20.070)	45.084
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	73.965	14.773
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	3.652	3.973
Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna.....	50	0
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	94.003	13.424
Handbært fé frá rekstri	<u>151.600</u>	<u>77.254</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	634.668	329.039
Veitt lán.....	(1.099.042)	(819.359)
Innleystar eignir.....	(23.516)	(27.551)
Hlutabréf.....	(25.787)	232
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(9.676)	(10.316)
Skuldunautar.....	12.219	17.942
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(511.135)</u>	<u>(510.014)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(620.130)	(1.282.082)
Nýjar lántökur.....	0	0
Lánadrottnar.....	(68.316)	(13.449)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(688.447)</u>	<u>(1.295.530)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.047.981)	(1.728.291)
Handbært fé í ársbyrjun	2.757.542	3.081.232
Handbært fé í lok tímabils.....	<u><u>1.709.560</u></u>	<u><u>1.352.940</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Það byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Það er gert að mestu eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Það er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutauppgjörsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutauppgjörinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2017. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi Seðlabanka Íslands í lok júní. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Gengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	30.06.2017	31.12.2016
USD	103,59	113,09
DKK	15,89	16,07
JPY	0,93	0,97
EUR	118,16	119,46
Gengi Arion banka í lok tímabilsins		
EUR	115,95	118,74
Gengi Landsbankans í lok tímabilsins		
EUR	116,04	118,83
Gengi Íslandsbanka í lok tímabilsins		
USD	101,63	112,53
JPY	0,90	0,96
EUR	115,97	118,81

Skýringar

Vísitölur í upphafi tímabilsins:

	1.7.2017	1.1.2017
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	443,0	438,4

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundruðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söliverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
	janúar-júní	janúar-júní
Laun	123.029	118.810
Lífeyrissjóðsframlög	17.283	15.989
Tryggingagjald	9.662	9.997
Áunnið orlof á árinu	4.864	4.084
Önnur launatengd gjöld	3.828	3.467
Laun og launatengd gjöld alls	<u>158.665</u>	<u>152.348</u>

Að meðaltali störfuðu 25 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 30. júní 2017 voru 26 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 25,5.

4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

	2017	2016
	janúar-júní	janúar-júní
Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður frá 25.04.2017	501	0
Herdís Á Sæmundardóttir, stjórnarformaður til 25.04.2017	1.201	1.153
Anna Guðrún Björnsdóttir (varamaður)	62	47
Einar E. Einarsson	1.031	747
Gunnar Þór Sigbjörnsson	75	0
Ingunn Guðmundsdóttir, stjórnarmaður frá 25.04.2017	248	0
Karl Björnsson	844	570
Lilja Sigurðardóttir, stjórnarmaður til 25.04.2017	497	0
Oddný María Gunnarsdóttir stjórnarmaður til 25.04 og varam.	658	570
Páll Baldursson, stjórnarmaður frá 15.09.2015-30.09.2016	0	570
Rakel Óskarsdóttir, varaformaður frá 25.04.2017	248	0
Róbert Guðfinnsson, stjórnarmaður frá 25.04.-03.06.2017	135	0
Sigríður Guðrún Hauksdóttir (varamaður)	113	0

Skýringar

Sigríður Jóhannesdóttir	844	570
Sveinn Auðunn Sæland (varamaður)	62	0
Valdimar Hafsteinsson, stjórnarmaður til 25.04.2017	596	570
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	8.333	7.795
Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals	15.450	12.592

5. Þóknanir endurskoðenda

Þóknanir endurskoðenda greinast þannig:

	2017	2016
	janúar-júní	janúar-júní
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs	3.394	3.270
Önnur sérfræðipjónusta og innri endurskoðun	1.000	1.238
Þóknanir endurskoðenda samtals	4.394	4.508

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	janúar-júní	janúar-júní
Almennur rekstur	84.059	78.290
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	98.241	94.160
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	182.300	172.450

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	janúar-júní	janúar-júní
Styrkir v. Byggðarannsóknasjóðs	7.400	4.250
Styrkir v. Sóknaráætlana landshluta	0	10.945
Veittir styrkir alls	7.400	15.195

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færði á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothættar byggðir“ nam 49.370 þúsund krónum á árinu og er færður í rekstrarreikning.

7. Gengismunur

	2017	2016
	janúar-júní	janúar-júní
Gengismunur af útlánum	(162.371)	(21.068)
Gengismunur af lántökum	138.468	15.089
	(23.903)	(5.978)

8. Aðrar rekstrartekjur

	janúar-júní	janúar-júní
Rekstrarleigutekjur	634	623
Ýmsar rekstrartekjur	78.668	46.643
	79.302	47.266

Skýringar

9. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

	30.6.2017	31.12.2016
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.075.385	2.097.967
Bankainnstæður í erlendri mynt	634.175	659.575
Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals	1.709.560	2.757.542

10. Útlán til viðskiptavina

	30.6.2017	31.12.2016
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,29%
Einstaklingar	23,86%	20,26%
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi	37,70%	38,56%
Sjávarútvegur	18,94%	19,96%
Iðnaður	11,13%	12,13%
Landbúnaður	8,37%	8,79%
Fjármálastofnanir	0,01%	0,01%
	100%	100%

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2017	31.12.2016
Gjaldkræfar kröfur	95.797	153.114
Allt að 3 mánuðum	257.939	372.260
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	572.323	624.665
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.045.663	2.899.512
Yfir 5 ár	6.037.101	5.630.024
	10.008.823	9.679.575

11. Fullnustueignir

	30.6.2017	31.12.2016
Fasteignir	385.010	437.552
Skip og bátar	0	8.000
	385.010	445.552

12. Rekstur fullnustueigna

	2017	2016
	janúar-júní	janúar-júní
Leigutekjur	16.077	19.508
Rekstrarkostnaður	24.577	27.584
	(8.500)	(8.076)

Skýringar

13. Fullnustueignir

	F. mat	Stærð m ²
Eyrarland 1, Hvammstanga	8.110	159,2
Fiskislóð 1, Hólmavík	7.300	281,4
Grænigarður, Ísafirði	60.091	1.366,7
Héðinsbraut 4, Húsavík	49.450	1.129,4
Langanesvegur 2, Þórshöfn	9.275	170,7
Nesbraut 7, Reyðarfirði	33.250	722,4
Pálsbergsgata 3 og 5, Ólafsfirði	34.350	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	20.600	832,7
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	73.444	2.081,6
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði	10.750	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	11.010	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótshéraði	108.950	5.148,3
Vatneyri, vélsmiðja, Patreksfirði	10.057	736,1
	436.637	15.537,0
	436.637	15.537,0

Fullnustueignir eru bókfærðar í ársreikningi á 385.010 þúsund krónur.

14. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2017			
Staðan 1. janúar 2017	677.556	656.826	1.334.382
Framlög á tímabilinu	(48.547)	86.177	37.630
Endanlega töpuð útlán	(69.591)	0	(69.591)
Staða 30. júní 2017	559.418	743.003	1.302.421
	559.418	743.003	1.302.421
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	4,95%	6,57%	11,51%

Skýringar

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána 2016			
Staðan 1. janúar 2016	476.097	692.246	1.168.344
Framlög á tímabilinu	108.358	50.988	159.346
Endanlega töpuð útlán	(69.971)	0	(69.971)
Staða 30. júní 2016	514.485	743.235	1.257.719

Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	4,51%	6,51%	11,01%
---	-------	-------	--------

	2017 janúar-júní	2016 janúar-júní
Framlag á tímabilinu	37.630	159.346
Framlag vegna viðskiptakrafna	2.674	(2.000)
Endurmat fullnustueigna	12.998	38.750
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélögum	(6.664)	(171.863)
Matsverðsbreyting á öðrum hlutabréfum	35.600	(4.103)
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	82.239	20.130

15. Hlutafjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

	Eignarhluti	Nafnverð
Veltuhlutabréf, eignarhlutur ≤ 20%		
Ámundakinn ehf.	18,00%	34.273
Ásgarður hf.	13,78%	15.000
Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Eðalís ehf.	11,06%	3.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf	19,03%	96.840
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fiskvinnslan Drangur ehf.	4,08%	1.000
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótél Flúðir hf.	4,77%	1.194
Hótél Húsavík ehf.	0,38%	136
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
P/F Smyril-line (1.868 þús. DKK)	1,67%	29.684
Samkaup hf.	2,84%	10.801
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,89%	12.000
Tröllasteinn ehf.	19,72%	7.000
Urtusteinn ehf.	8,45%	32.818
Yrkjar ehf.	7,29%	1.800
Þórsberg ehf.	16,69%	30.191
Veltuhlutabréf, samtals nafnverð		297.074

Skýringar

Hlutdeildarfélag, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	22,38%	1.933
Dýralíf ehf.	33,81%	4.000
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Fasteignafélagið Borg ehf.	29,82%	7.309
Fasteignafélagið Hótel Hellissandur ehf.	25,49%	8.321
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,85%	16.919
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,00%	7.124
Fjallalamb hf.	21,26%	27.344
Fjárfestingafélagið Vör hf.	41,95%	35.940
Hvetjandi ehf.	40,16%	114.769
Molta ehf.	30,00%	50.000
Nes-Listamiðstöð ehf.	35,71%	5.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	30,00%	24.274
Vilko ehf.	23,95%	21.555
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Hlutdeildarfélag, samtals nafnverð		447.649
Hlutafjáreign, samtals nafnverð		744.723

Hlutabréf í hlutdeildarfélagum eru bókfærð í árshlutareikningi á 540.458 þúsund krónur og veltufjárbréf eru bókfærð á 639.065 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 571.065 þúsundir króna.

16. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1/1	70.388	22.669	7.216	100.274
Afskrifað alls 1/1	(34.374)	(6.819)	(2.887)	(44.080)
Bókfært verð 1/1	36.014	15.850	4.330	56.194
Viðbót á árinu	7.253	5.073	0	12.326
Afskrifað á árinu	(974)	(1.957)	(722)	(3.652)
Selt á árinu	0	(2.650)	0	(2.650)
Söluhagnaður (tap)	0	(50)	0	(50)
Bókfært verð 30/06	42.293	16.266	3.608	62.168

Skýringar

Stofnverð alls 30/06	77.641	25.043	7.216	109.900
Afskrifað alls 30/06	(35.348)	(8.777)	(3.608)	(47.732)
Bókfært verð 30/06	42.293	16.266	3.608	62.168

Afskriftarhlutföll 2-3% 20% 20%

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki	30.818	111.493	24.001
Háahlíð 4, Sauðárkróki	35.750	66.250	11.040
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	6.480	0	7.253
	73.048	177.743	42.293

17. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	30.6.2017	31.12.2016
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	3.018.278	3.293.854
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	3.503.331	4.084.953
Nettó staða erlendra eigna og skulda	(485.053)	(791.099)

Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	6.739.913	6.200.189
Verðtryggðar skuldir	6.800.127	6.918.788
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	(60.214)	(718.599)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

30.6.2017	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	233.732	767.354	1.383.017	2.384.102
Handbært fé	186.364	0	447.812	634.175
Eignir samtals	420.096	767.354	1.830.828	3.018.278
Lántökur	720.362	833.915	1.949.054	3.503.331
Nettó staða	(300.267)	(66.561)	(118.226)	(485.053)

Skýringar

31.12.2016	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	216.210	975.942	1.442.127	2.634.279
Handbært fé	401.581	1	257.993	659.575
Eignir samtals	617.791	975.943	1.700.120	3.293.854
Lántökur	914.887	1.008.054	2.162.012	4.084.953
Nettó staða	(297.097)	(32.111)	(461.892)	(791.100)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

18. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2017	31.12.2016
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	116.530	121.047
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.102.487	1.388.621
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.895.253	3.964.924
Yfir 5 ár	5.189.188	5.529.150
	10.303.458	11.003.741

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldddagi	Vaxtakjör	30.6.2017	31.12.2016
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	3,08-5,0% verðtr.	6.800.127	6.918.788
USD ..	Jafnar afb.	2017-2025	Libor +0,2-1,5%	720.362	914.887
JPY ...	Jafnar afb.	2017-2023	Libor +0,13-1,5%	833.915	1.008.054
EUR ..	Jafnar afb.	2017-2025	Euribor +0,2-1,45%	1.949.054	2.162.012
				10.303.458	11.003.741

19. Eigið fé

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárhlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 23,06%. Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið í samræmi við heimildir sínar samkvæmt 1. og 2. mgr. 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eiginfjáruka fyrir stofnunina. Samanlögð krafa um eiginfjáruka er í dag 2,75% en hækkar í 3,0% frá 1. nóvember 2017 og hækkar svo í 3,75% frá 1. janúar 2018.

Skýringar

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	30.6.2017	31.12.2016
Eiginfjárbáttur A	2.887.593	2.907.663
Samtals	2.887.593	2.907.663
Útlánaáhætta	10.395.837	10.350.188
Markaðsáhætta	485.053	791.100
Rekstraráhætta	1.642.631	1.642.638
Áhættugrunnur	12.523.521	12.783.925
	30.6.2017	31.12.2016
Staða í upphafi árs	2.907.663	2.750.547
Hagnaður (-tap) tímabilsins	(20.070)	157.116
	2.887.593	2.907.663
Eiginfjárlutfall	23,06%	22,74%

20. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 30. júní 2017. Í árslok voru 72 lánsloforð að fjárhæð 2.877 m.kr. óafgreidd. Skv. reglum Byggðastofnun falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

21. Önnur mál

Birnir ehf. stefndi Byggðastofnun til greiðslu á 81 m.kr. með dráttarvöxtum vegna kaupa á aflahlutdeild í úthafsækju árið 2010. Dómur féll í málinu í Héraðsdómi Norðurlands vestra í lok maí sl. og var Byggðastofnun sýknuð af kröfum stefnanda. Stefnandi hefur 3 mánuði til að ákveða hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Byggðastofnun telur að Hæstiréttur muni staðfesta dóm Héraðsdóms.

22. Viðskipti við tengda aðila

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk nánna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila námu 319.047 þúsund krónum þann 30. júní og vanskil voru engin.